

## Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

---

Fundur var haldinn í stjórn SKA, föstudaginn 08. nóvember 2019 kl. 13:00 á Egilsstöðum.

Mætt: Gauti Jóhannesson formaður stjórnar, Jón Þórðarson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Karl Óttar Pétursson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Gauti setti fundinn, bauð stjórnarfolk velkomið og stjórnaði fundi.

### Dagskrá fundarins.

1. Undirbúningur aðalfundar
  2. Önnur mál
- 
1. Lagður var fram ársreikningur SKA fyrir árið 2018. Forstöðumaður fór yfir ársreikninginn og svaraði spurningum fundarmanna. Rekstrarafgangur var kr. 0,5 millj. samkv. rekstrarreikningi, en áætlun gerði ráð fyrir kr. 6,0 millj. halla. Eigið fé samlagsins í árslok var neikv. 21,7 millj. kr. samkv. efnahagsreikningi, þar af var hækkun lífeyrisskuldbindinga 5,7 millj.  
  
Fjárhagsáætlun SKA 2019 var lögð fram. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 72.174.172,- Aðrar tekjur, samtals kr. 24.650.000, ásamt framlögum vegna málefna fatlaðs fólks kr. 590.000.000,- Rekstrargjöld verða samtals kr.722.824.172,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði. Samþykkt var að vísa fjárhagsáætlun 2020 og ársreikningi 2018 til aðalfundar til samþykktar.
  2. Formaður ræddi málefni Skólaskrifstofunnar í ljósi breyttrar stöðu sveitarfélaga á Austurlandi. Ekki liggja fyrir neinar ákvarðanir um breytingar en starfshópur nýs sveitarfélags mun fara yfir málið eftir áramótin eins og boðað var í niðurstöðum starfshóps um fræðslu- og félagsmál, í aðdraganda kosninga. Fundarmenn sammála um að æskilegt sé að starfsfolk Skólaskrifstofunnar sé haft með í ráðum þegar skipulag er skoðað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson